

1854. að bæta brauðin á Íslandi, því að mál þetta er nú meira árið-
23. marz. andi síðan að betri kennsla er komin á með prestaskólanum.

12. apríl. **2. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um gangverð á útlendum peningum á Íslandi.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent innanríkisstjórninni uppástungu frá landfóetanum um að breyta verðlagi á útlendum peningum, sem teknir eru í inngjöld í jarðarbókarsjóðinn, og líka beðið þess, að sendar væru metaskálar og lóð til þess að útlendir peningar yrði vegnir, og fundið, hvort þeir hefðu rjetta vigt.

Eptir að fjárstjórn ríkisins hafði sagt álit sitt um þetta mál, hefur innanríkisstjórnin lagt eptirfylgjandi verðlag á útlenda peninga, þegar þeir hafa fulla vigt, á móti dönskum peningum:

1 rd. 84 sk. fyrir spánskan pjástur,

1 rd. 71 sk. fyrir fimmfrankapening,

1 rd. 94 sk. fyrir svenska spesíu,

1 rd. fyrir lóðið í frönskum laufdölum (6 Livres), hollenzkum þriggja gyllina peningum, tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) í Hamborg og hollenzkum Albertsdölum;

80 sk. fyrir lóðið í tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) úr *Mecklenburg*, *Lüneburg* og Saxlandi.

2 rd. 4 sk. fyrir engelska krónu.

Verðlag á gullpeningum skal ekki setja hærra en 32 sk. fyrir franka í frönskum gullpeningum, eða 6 rdi. 64 sk. fyrir 20 franka pening, og ekki meira en 8 rdi. 40 sk. fyrir enskan „sovereign.“

15. apríl. **3. Lög um siglingar og verzlun á Íslandi¹.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv.: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vjer staðfest með samþykki Voru:

1. gr. Eptirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera

¹) Ástæður fyrir lögum þessum eru prentaðar í Nýjum Fjelagsritum, 14. ári.